



**247. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, þriðjudaginn 6. september 2016 kl. 1500.**

**Mætt:**

Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

**Dagskrá:**

**1. Aðalfundur SOS 21.-22. okt., undirbúningur.**

Bjarni Guðmundsson og Sólveig Ragnarsdóttir frá SASS komu inn á fundinn. Aðalfundur SOS verður haldinn að morgni föstudagsins 22. október á Hnappavöllum í Örafum. Rætt var um skipulag fundarins.

**2. Orkugerðin ehf.**

Lögð var fram fundargerð aðalfundar Orkugerðarinnar ehf.

**3. Samningar við Sorpu.**

Stjórn Sorpu samþykkti á síðasta fundi að framlengja samningi við SOS til 31. desember n.k.

**4. Nessandur.**

Farið var yfir stöðu mála. Stjórn felur formanni og ritara að funda með fulltrúum Sveitarfélagsins Ölfuss.

**5. Fyrirkomulag flokkunar og endurvinnslu úrgangs á starfssvæði SOS.**

Samþykkt að fá Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðing, á næst fund til að ræða framtíðarfyrirkomulag á úrgangsmálum á Suðurlandi.

**6. Önnur mál.**

Samþykkt var að greiða út til aðildarsveitarfélaganna þær 10 mkr sem ákveðið var á síðasta aðalfundi að greiða til kynningarstarfs.

Næsti fundur verður haldinn 28. september kl. 14:00 á Hvolsvelli.

Fundi slitið kl. 16:30.